

Hafnarfjarðarbær  
b/t Rósu Guðbjartsdóttir bæjarstjóra  
Strandgata 6,  
220 Hafnarfjörður



Reykjanesbæ, 12. október 2020

Varðar: Uppsetning og rekstur gatnalýsingar.

Allt fram til 2001 átti Hitaveita Suðurnesja alla gatnalýsingu á Suðurnesjum, sá um og kostaði uppsetningu, viðhald og rafmagn til lýsingarinnar. Með sameiningu við Rafveitu Hafnarfjarðar var þessu breytt, sveitarfélögin tóku þá við gatnalýsingunni, greiddu stofnkostnað en Hitaveita Suðurnesja hf / HS Veitur hf annaðist uppsetningu, viðhald og rekstur sem verktaki. Fyrir nokkrum árum hættu HS Veitur þessari "verktakastarfsemi" á Suðurnesjum en eru enn að annast þessa þjónustu á hinum þremur veitusvæðunum og fyrir Vegagerð ríkisins. Þessi starfsemi fyrirtækisins orkar mjög tvímælis, þetta er í raun verktakastarfsemi sem rafverktakar annast nú t.d. á Suðurnesjum og samskonar þjónusta hefur verið kærð hjá öðrum veitum. Þessi starfsemi féll mjög vel að hinni almennu starfsemi fyrirtækisins en þróunin hefur verið sú að "samlegðin" fer minnkandi. Við teljum að starfsmenn fyrirtækisins verði mun betur nýttir í verkefni við rekstur okkar eigin kerfa auk þess sem þessi starfsemi er að skila afskaplega litlu ef einhverju.

Þetta mál var rætt á fundi stjórnar HS Veitna þann 9. október og þar var ákveðið að hætta þessari þjónustu sem fyrst og eigi síðar en um mitt næsta ár. Því er samskonar bréf sent á alla þá aðila sem þetta á við um þ.e. Hafnarfjörð, Garðabæ, Árborg, Vestmannaeyjar og svo Vegagerð ríkisins. Það er því óskað eftir viðræðum við hvern þessara aðila um hvernig verður að þessum breytingum staðið svo sem tímasetningar, hvernig mælingum verður háttað o.fl.

Það er því óskað eftir að samband verði haft við undirritaðan um heppilegan fundartíma og fundarfyrirkomulag.

Virðingarfyllst,

F.h. HS Veitna hf.

Júlíus Jónsson  
Forstjóri